

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 15. maí 2024

Varðar: Umsögn STEFs um frumvarp til laga um litamannalaun (nýir sjóðir og fjölgun úthlutunarmánaða. 937. mál.

Meginefni frumvarpsins er að styrkja faglega starfslauna- og verkefnasjóði listamanna með sérstakri áherslu á að starfslaunin tryggji betur afkomu þeirra sem starfa í listum eða við skapandi greinar. Breytingarnar fela í sér fjölgun launasjóða sem starfslaun eru veitt úr og fjölgun árlegra úthlutunarmánaða.

STEF fagnar mjög þessu frumvarpi og þá um leið frumkvæði ráðuneytis menningar- og viðskipta í þessum málaflokki. Þannig líst STEFi vel á fjölgun sjóða svo og hækkun mánaðarlauna í samræmi við þróun kjara annarra í hagkerfinu.

Eina athugasemd STEFs lítur að því hvernig fjölgun á mánaðarlaunum starfslauna er skipt niður á mismunandi listgreinar. Fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu að við ákvörðun um hvernig fjölgun mánaðarlegra starfslauna skyldi dreift milli sjóða hafi fyrst og fremst verið höfð hliðsjón af því hversu margir hafi sótt um í hvern sjóð á undanförunum árum og hvert árangurshlutfallið hafi verið. Þannig sé fjölgað mest hlutfallslega í starfslaunum hönnuða en minnst hjá rithöfundum. STEF telur eðlilegt að horft hafi verið að einhverju leyti til þessa atriðis, en það megi þó alls ekki verða ráðandi í þessari ákvörðun.

Niðurstaða þessa er sú að samtals fær tónlistargeirinn (tónlistarflytjendur og tónskáld samanlagt) á árinu 2024 skv. frumvarpinu 67% af úthlutun til rithöfunda og 85% af úthlutun til myndlistarmanna. Á árinu 2028 munu þessa hlutföll verða 75% af úthlutun til rithöfunda og 82% af úthlutun til myndlistarmanna.

Þegar frumvarp þetta var lagt fram á stjórnarsýslustigi í Samráðsgátt voru mánaðarlaunin í heild nokkuð fleiri en nú eru í þessu frumvarpi. Sú skerðing sem varð á frumvarpinu í millitíðinni kom þó hlutfallslega verr niður á tónskáldum og tónlistarflytjendum því mánaðarlaunum var fækkað um 40 hjá bæði tónlistargeiranum, ritlistargeiranum og myndlistargeiranum en slík skerðing á milli stjórnarsýslustigs og

löggjafans nemur um 7% á úthlutuðum mánuðum til tónlistargeirans á meðan hún nemur 6% hjá ritlistar- og myndlistargeirunum.

Því miður er ekki til opinberar hagtölur um fjölda starfa í listgreinum en engu að síður hlýtur það að vera óumdeilt að fjöldi ársstarfa í dag sé töluvert hærrí í tónlistargeiranum en í myndlistargeiranum eða ritlistargeiranum, auk þess sem útflutningsverðmæti þessara listgreina er mismikið.

Mjög sterk vísending um þetta eru einfaldlega félagsmenn annars vegar í STEFi og hins vegar í Rithöfundasambandinu og svo Myndstefi.

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Myndstefs var fjöldi félagsmanna á árinu 2021, 2.465. Félagsmenn í Rithöfundasambandinu eru nú skv. upplýsingum á heimasíðu þeirra 1.334.

Meðlimir í STEFi nú eru 6.800 en þess til viðbótar má nefna inn í þá tölu vantar fjölda tónlistarflytjenda sem ekki eru um leið höfundar en í FÍH eru nú um 700 félagsmenn.

Telur STEF að í upphafi starfslaunakerfisins hafi í raun verið rangt gefið á milli mismunandi listgreina auk þess sem að mikið hefur breyst frá því það var fyrst sett á fót og byggir kerfið þannig að mörgu leyti á úreltum forsendum sem engan veginn endurspeglar veruleika hlutfallslegs vægis þessara listgreina í dag.

Er það ósk STEFs að ofangreind sjónarmið verði tekin til skoðunar af nefnd Alþingis áður en áður nefnt frumvarp verður samþykkt.

Virðingarfyllt
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri